

Ed.

37. Frumvarp til laga

[37. mál]

um kornrækt.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands fer með stjórn þeirra mála, er lög þessi varða, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Aðilum, sem mynda með sér félagssamtök um að gera kornrækt að framleiðslugrein, þar sem bygg, hafrar eða aðrar korntegundir eru ræktaðar svo, að þær nái þroska, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagssamtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til að rækta um 10 ára tímabil korn á minnst 10 ha lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum.
Nú tekst einstaklingur á hendur skuldbindingar samkvæmt 1. málsg. og skal þá veita honum sama stuðning og félagi, enda hlíti hann sömu skilyrðum og kornræktarfélag.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur ráði yfir landi, sem sé að minnsta kosti helmingi stærra en það land, sem samið er um að rækta korn á, og að allt landið sé nægilega þurrt og hæft til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru, meðferð alla og annað til tryggingar því, að framleiðslan verði sem best vara.
5. Að aðili geri skýrslur, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar reksturinn. Einnig geri hann uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um kornræktina og einstaka þætti hennar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið.
6. Að samningsaðili skili aftur til þess, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem tekið hafa að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi skilríki frá seljanda um uppruna sáðkornsins, og ber hann ábyrgð á gæðum þess, hreinleika og spírunarhæfni.

Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu hafa forgangsrétt til að rækta útsæði af völdum stofnum, enda hlíti þeir reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Styrkur til kaupa á kornyrkjuvélum, allt að 50% af kaupverði þeirra, þar með talinn kostnaður við samsetningu vélanna og flutningskostnaðar til kaupanda, enda standi eitt félag eða fleiri að kaupunum. Sama gildir um einstaklinga, eftir því sem við á. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn.
2. Greiða skal sama framlag úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands til kornræktar og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess.
3. Heimilt er að verja árlega allt að kr. 10000.00 til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndir um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum bænda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 ha. lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 5. gr., má vera allt að kr. 200 000.00 til hvers samningsaðila. Almenn framlag samkvæmt jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal endurskoða þau innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. báru fram á síðasta þingi frv. til laga um kornrækt, en það hlaut þá ekki samþykki.

Frv. þetta er samhljóða því frv., sem flutt var í fyrra.

Sú reynsla, sem fengin er af kornrækt á Sámsstöðum og víðar, hefur sýnt, að unnt er víða í sveitum landsins að rækta korn, svo að það nái fullum þroska, og að kornrækt geti orðið ein af framleiðslugreinum landbúnaðarins.

Árlega eru fluttar inn fóðurvörur fyrir allháar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri. Með aukinni ræktun korns mætti draga úr þeim innflutningi eða jafnvel fella hann niður og spara erlendan gjaldeyri sem því nemur. Það virðist því sjálfsagt, að ríkisvaldið hvetji bændur til að hefja kornrækt með því að veita þeim fjárhagslega aðstoð til þess.

Þessu frv. hefur áður fylgt allýtarleg greinargerð, og vísast til hennar um nánari skýringar.